

Ísafjarðarbær  
Guðmundur Rafn Kristjánsson  
Hafnarstræti 1  
400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 8. maí 2024  
Málsnúmer: 202404-0035  
LA

## Efni: Umsögn um breytingar á deiliskipulagi vegna stækkunar Mjólkárviðjónar

Vísað er í tölvubréf frá Ísafjarðarbæ gegnum Skipulagsgátt, dags. 16. apríl 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á deiliskipulagi vegna stækkunar Mjólkárviðjónar.

Markmið deiliskipulagsbreytinga eru eftirfarandi:

- Að heimila aukna nýtingu vatnsafls á vatnasviði Mjólkár og þar með auka raforkuframleiðslu Mjólkárviðjónar og bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.
- Að skapa aðstöðu fyrir afgreiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti við Mjólkárviðjón.
- Að lágmarka rask vegna skipulagsbreytinganna.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugaðar skipulagsbreytingar Mjólkárviðjónar og ekki er séð að miklar breytingar hafa verið gerðar á fyrri vinnslutillögu deiliskipulagsins sem stofnunin skilaði inn umsögn um 12. desember 2023. Helst er að nefna að bætt hefur verið við markmið skipulagsins um að lágmarka rask vegna skipulagsbreytinga sem er mjög jákvætt þó ekki komi beint fram hvernig að því verði staðið fyrir utan texta um að lágmarka neikvæð umhverfis- eða ásynðaráhrif. Þá kemur fram að efnistaka miðast við bergnám en ekki laus jarðlög.

Náttúrufræðistofnun telur að þær ábendingar sem komu fram í eldri umsögn stofnunarinnar standi enn fyrir sínu og er þar helst að nefna skortur á frekari náttúrufarsrannsóknum og verndun víðerna í nálægð viðjónarsvæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir, en vísar í eldri umsögn stofnunarinnar um tillögur að breytingum deiliskipulags vegna stækkunar Mjólkárviðjónar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

